

Punkturinn 4. tbl. 2011 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði Punktsins eru m.a. skoðaðir dómur sem hafa fallið um gengistrygð lán, frá því síðasta tölublað Punktsins kom út um miðjan mars. Eru þau flest samhljóða dómum sem áður hafa verið birtir, en þó er ein undantekning, dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2070/2010, þar sem talið var að lán væri erlent, en ekki gengistryggt íslenskt lán.

Þá ber að benda sérstaklega á umfjöllun Hæstaréttar Íslands í máli nr. 626/2010, þar sem tekist var á um valréttarsamninga. Þar kemst Punkturinn að þeirri niðurstöðu að Hæstiréttur setji fram nýtt sjónarhorn, sem málsaðilar höfðu ekki komið auga á. Er það von starfsmanna Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte að Punkturinn komi að gagni og sé upplýsandi um málefni dagsins.



- **Skattyfirvöld hafa á undanförunum árum gengið hart fram með stórkostlegum gjaldahækkunum gagnvart hundruðum söluréttarhafa á grundvelli málsástæðna sem Hæstiréttur hefur nú algerlega hafnað.** Sjá ítarlega umfjöllun um dóm Hæstaréttar í máli nr. 626/2010 á bls. 2.
- **Fjármögnunarleigusamningur sá sem um var deilt í málinu, var talinn lánessamningur í skilningi IV. kafla vaxtalaga og því óheimilt að tengja samninginn við gengi erlendra gjaldmiðla eins og raunin var að mati dómsins.** Sjá umfjöllun um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. X-532-2010 á bls. 3.
- **Valkvætt er hvort ákvæði til bráðabirgða með tekjuskattslögum nr. XXXVI eða nr. XLIV sé nýtt, en óheimilt er að nýta hvort tveggja.** Sjá umfjöllun um Ákvarðandi bréf nr. 5/2011 á bls. 3.
- **Við skilmálabreytingu lána í rekstri lögaðila og sjálfstætt starfandi manna skal leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað á því ári þegar endurreikningur lánanna fer fram, enda liggja ekki fyrir fyrir en á þeim tíma að hve miklu leyti kostnaður hefur verið offærður miðað við nýja stöðu lánsins.** Sjá umfjöllun um Ákvarðandi bréf nr. 6/2011 á bls. 4.
- **Ef lántaki hefur ofgreitt endurgreiðslur láns, vegna ólögmatrar gengistryggingar, á hann rétt á endurgreiðslu úr hendi kröfuhafa. Byggir sú niðurstaða á almennum reglum kröfuréttar.** Sjá umfjöllun um héraðsdóm í máli nr. E-5215/2010 á bls. 4.
- **Ef lánessamningur kveður á um að endurgreiðsla láns skuli fara fram í lánsmyntum inn á gjaldeyrisreikning lánveitanda, þá er um erlent lán að ræða, þrátt fyrir að lánsfjárhæð sé greidd út í íslenskum krónum samkvæmt gengi viðkomandi gjaldmiðils á útgreiðsludegi.** Sjá umfjöllun um héraðsdóm í máli nr. E-2070/2010 á bls. 5.
- **Nýtt frumvarp á Alþingi, kveður á um skattlagningu á allar tekjur af leit, rannsóknnum, vinnslu og sölu kolvetnis, þar með talin öll afleidd starfsemi, eins og flutningur og önnur vinna og þjónusta.** Sjá umfjöllun um frumvarpið á bls. 5.

Dómur Hæstaréttar í máli Bjarka H. Diego (B) gegn íslenska ríkinu nr. 626 / 2010 frá 31. mars 2011

Nú liggur fyrir úrskurður Hæstaréttar í þeirri langvinnu deilu sem staðið hefur milli skattfyrvalda og gjaldenda um skattlagningu söluréttar.

B, starfsmaður Kaupþings banka (K), keypti hlutabréf í bankanum á árinu 2001 fyrir kr. 36.600.000 og á árinu 2003 fyrir kr. 79.340.875. Í tengslum við kaupin samdi B við bankann um lán fyrir kaupunum og sölurétt sér til handa þar sem bankinn skuldbatt sig til þess að kaupa hlutabréfin aftur með álagi kysi B svo að þremur árum liðnum. Nánar tiltekið var innlausnarverðið upphaflegt kaupverð bréfanna að viðbættu álagi vegna fjármagnskostnaðar og viðbót vegna væntanlegrar tekjuskattsgreiðslu vegna nýtingar söluréttarins. Þá áskildi K sér að kaupa bréfin aftur af B á sama verði auk álags ef B léti af störfum innan þriggja ára. Ríkisskattstjóri hóf athugun á þessum viðskiptum á árinu 2005 ásamt athugun á viðskiptum hundruða gjaldenda sem störfuðu í K og öðrum bönkum og fyrirtækjum sem gert höfðu söluréttarsamninga við starfsmenn sína á næstu 4–5 árum þar á undan.

Á árunum eftir 2001 hækkaði verð hlutabréfa í K verulega og B neytti ekki söluréttar síns m.a. vegna banns K á sölu lykilstarfsmanna á hlutabréfum í bankanum. Rétt áður en K komst í þrot í október 2008 samþykkti stjórn K að gefa starfsmönnum eftir skuld þeirra við bankann vegna hlutabréfakaupanna. Þessari ráðstöfun riftaði skilanevnd bankans síðar og stefndi m.a. B til staðfestingar þeirri riftunar. Í máli B gegn íslenska ríkinu var ekki ágreiningur um að bréfin í K hafi orðið verðlaus með öllu. Ljóst er því að B verður fyrir miklu tapi vegna þessara viðskipta.

Ríkisskattstjóri endurávarðaði álagningu á B annars vegar vegna meintra tekna hans árið 2004 og hins vegar vegna meintra tekna hans árið 2005. Endurávarðanir ríkisskattstjóra voru miðaðar við þær hækkningar sem orðið höfðu á verði hlutabréfanna frá því að kaup fóru fram og þar til söluréttur féll niður, en þær námu í lok desember 2004, kr. 96.000.000, og í lok desember 2005, kr. 269.750.000. Ríkisskattstjóri byggði hækkun sína á starfssambandi B við K og því að í raun hefðu hlutabréfakaup B frá K ekki farið

fram á árunum 2001 og 2003, heldur þegar söluréttur vegna bréfanna féll niður í árslok 2004 vegna fyrri samningsins og árslok 2005 vegna þess síðari. Að áliti ríkisskattstjóra færðist þannig eignarrétturinn að bréfunum ekki í hendur B við kaupsamningana á árunum 2001 og 2003 heldur í lok árs 2004 og 2005. Þarna væri því í „raun“ um kaupréttarsamninga að ræða þar sem innlausnarverðið væri kaupverð bréfanna 2001 og 2003. Mismuninn á því verði og markaðsverði bréfanna þegar sölurétturinn féll niður færði ríkisskattstjóri því B til tekna með vísan til 9. gr. tekjuskattslaganna, sbr. 1. mgr. 57. gr. sömu laga.

Hæstiréttur féllst ekki á þetta sjónarmið ríkisskattstjóra og taldi miðað við ákvæði kaupsamninganna milli B og K ekki orka tvímælis að eignarrétturinn að bréfunum hefði færst í hendur B um leið og kaupverð þeirra var greitt með fé sem félögin veittu honum á láni í desember 2001 og desember 2003. Taldi dómurinn að ákvæði samninga milli B og K um sölurétt og kauprétt gætu engu um það breytt að kaupin sem slík væru fullnuð þegar í stað við undirritun samninganna og greiðslu kaupverðs.

Í tengslum við umfjöllun sína um fyrrgreind samningsákvæði fjallaði dómurinn um hugsanleg áhrif þessara ákvæða í lögskiptum aðilanna á síðari stigum miðað við mismunandi forsendur. Í því sambandi kom fram eftirfarandi álit dómsins um skattskyldu þeirra hlunninda sem B hefði getað notið, sbr. 1. mgr. 1. tl. A. liðar 7. gr. tekjuskattslaganna:

1. Til skattskyldra tekna geta talist hlunnindi eða hagar B af sölurétti, sem gerði hann eins settan og ef hann á eigin kostnað hefði gert söluréttarsamning til að tryggja sig fyrir lækkan á gangverði hlutabréfanna, en á þessu byggði ríkisskattstjóri ekki í úrskurði sínum.

2. Til skattskyldra tekna getur talist nýting söluréttar sem hefði haft í för með sér hagnað sem svaraði til mismunar á innlausnarverði (kaupverði bréfanna að viðbættri umsaminni uppbot ásamt álagi vegna tekjuskattlagningar) og gangverði hlutabréfanna á þeim tíma sem hann var nýttur. B nýtti ekki söluréttinn sem hann fékk í samningunum tveimur og mynduðust því ekki tekjur honum til handa vegna þess.

3. Þá reifaði dómurinn sjónarmið um hugsanlega skattlagningu vegna kaupréttar K sem var áskilinn gagnvart B ef hann hefði ekki unnið full 3 ár hjá bankanum og K þess vegna getað neytt kaupréttar síns. Dómurinn taldi að vísu að þá hefði B verið eins settur og ef kaupsamningarnir hefðu aldrei verið gerðir, en benti á að þetta hefði orðið B, eiganda bréfanna, til tjóns vegna þess að gangverð bréfanna hefði verið hærra en innlausnarverð.

Síðan heldur dómurinn áfram og segir að „með því að starfa hjá félaginu til enda þess þriggja ára tímabils, sem um var samið, kom áfrýjandi (B) í veg fyrir þetta tjón og naut þessa ávinnings af störfum sínum á því tímabili til viðbótar almennum launatekjum.“ Þá telur dómurinn að B hafi getað losnað úr viðjum kaupréttar K, vinnuveitanda síns, með því að starfa hjá honum áfram um þriggja ára skeið eftir gerð hvors samnings og hlotið að launum fyrir það tekjur sem svöruðu til mismunar á markaðsverði hlutabréfanna og því verði, sem kaupréttarins hefði ella verið neytt fyrir, eins og dómurinn orðar það.

Dómur Hæstaréttar í máli Bjarka Diego: „Hvorki var í úrskurði ríkisskattstjóra né hefur stefndi (innkot: íslenska ríkið) í málatilbúnaði sínum fyrir dómi byggt á því að önnur atriði, sem að framan greinir, gætu staðið til þeirra breytinga á gjöldum áfrýjanda, sem ákveðnar voru í úrskurðinum, og verður dómur því ekki felldur á málið á öðrum grundvelli, sbr. 2. mgr. 111. gr. og 1. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991.“

Þar sem sú meginforsenda ríkisskattstjóra að tilvist söluréttar B hafi valdið því að hlutabréfakaup hans af K hafi í raun ekki orðið endanleg fyrr en við lok tímabilsins sem B mátti neyta hans fékkst ekki staðist. Dómurinn féllst því á aðalkröfu B um ógildinguna á úrskurði ríkisskattstjóra frá 26. maí 2010. Þá hafnaði Hæstiréttur því að um skattasniðgöngu hefði verið að ræða samkvæmt 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga.

Ljóst er hvað rétturinn á við með málsástaðunum undir tölulíðum 1 og 2 hér að framan, þar sem staðfest er það sem B og aðrir söluréttarhafar hafa almennt haldið fram, að söluréttur er söluréttur en ekki kaupréttur og að hann verður einungis skattskyldur með tvennum hætti í starfssambandi; þ.e. annað hvort við veitingu hans með því að skattleggja iðgjaldið eða við

við nýtingu hans með því að skattleggja mismuninn á milli innlausnarverðsins og gangvirði hlutabréfanna þegar nýtingin á sér stað.

Skattyfirvöld hafa á undanförunum árum gengið hart fram með stórkostlegum gjalda-hækkunum gagnvart hundruðum söluréttar-hafa á grundvelli málsástæðna sem Hæstiréttur hefur nú algerlega hafnað. Ríkisskattstjóri er þegar byrjaður að fella niður þessar skattahækkanir og ljóst er að verulegar fjárhæðir munu á næstunni streyma út úr ríkissjóði. Þessari sögulegu deilu er þannig lokið með sigri gjaldenda.

Varðandi málsástæðuna sem reifuð er undir tölulíð 2 er ljóst að skattyfirvöld hafa verið á annarri skoðun, sbr. bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 5/2010, eins og fram kom í 7. tölublaði Punktisins frá nóvember 2010 og talið að nýting söluréttar undir vissum kringumstæðum sé skattfrjáls. Þeirri framkvæmd verða yfirvöld nú að breyta, en slíkt verður ekki gert með afturvirkum hætti.

Sama gildir um álit dómsins sem fram kemur undir tölulíð 3. Þar kemur fram nýtt sjónarhorn, sem hvorki skattyfirvöld né gjaldendur höfðu komið auga á eða fjallað um. Það er óvenjuleg nálgun að kaupréttur vinnuveitanda í eign starfsmanns eða niðurfelling hans geti haft áhrif á skattskil starfsmannsins. Þá stenst ekki að nota þann stofn sem þar er nefndur og hlýtur Hæstiréttur að eiga við þann stofn sem miðast við iðgjaldið fyrir söluréttinn, sbr. það sem rakið er hér að framan um tölulíð 1. Sé það sjónarhorn yfirhöfuð nothæft verður því ekki beitt nema á valréttarsamninga sem gerðir eru eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 31. mars 2011.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu Íslandsbanki hf. gegn Þrotabúi AB 258 ehf. nr. X-532-2010, frá 19. apríl 2011

Fjármögnunarleigusamningur sá sem um var deilt í málinu, var talinn lánsamningur í skilningi IV. kafla vaxtalaga og því óheimilt að tengja samninginn við gengi erlendra gjaldmiðla eins og raunin var að mati dómsins.

Í málinu var ágreiningsefnið m.a. það, hvort fjármögnunarleigusamningur hafi í raun

verið lán í skilningi vaxtalaga eða hvort um leigusamning hafi verið að ræða. Hæstiréttur hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að gengistrygging lánaskuldbindinga í íslenskum krónum við erlenda gjaldmiðla sé ólöglegt. Í þessu máli var álitafnið það, að ef um-ræddur samningur væri leigusamningur, eins og um var deilt, þá væri samningurinn, eðli máls samkvæmt, ekki ólöglegt gengistryggt lán í skilningi vaxtalaga.

Dómurinn rekur efni samningsins og framkvæmd fjármögnunarleigusamninga og kemst að þeirri niðurstöðu að í raun hafi verið um lánsamning að ræða, en ekki leigusamning. Meðal annars voru eftirfarandi rök sett fram af hálfu dómsins fyrir þeirri niðurstöðu:

- Félagið (AB 258 ehf.) hafði frumkvæði að kaupum og kom félagið fram sem kaupandi gagnvart seljanda. Þá átti félagið réttindi og bar skyldur gagnvart kaupanda en ekki bankinn (Íslandsbanki hf.).
- Ekki var séð að bankinn hafi komið að kaupum á vélinni að öðru leyti en því að hann hafi verið skráður kaupandi til tryggingar á efnudum á lánsamningi.
- Af gögnum málsins þótti mega ráða að umsamið leiguverð hafi verið ákvarðað út frá kostnaði bankans við fjármögnun kaupanna, en ekki raunverulegu verðmæti vélarinnar. Greiðslur félagsins til bankans tóku mið af því að endurgreiða upprunalegan höfuðstól, þ.e. kaupverð vélarinnar, að viðbættum vöxtum og vaxtaálagi.
- Svo virtist sem meðferð kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga sem bankinn gerði hafi efnislega verið eins.
- Horfði dómurinn jafnframt til þess að greiðslur samkvæmt samningi aðila báru vexti, en slík ákvæði eiga engan veginn við í leigusamningum.
- Ekki var séð að í samningi aðila hafi verið samhengi milli greiðslna félagsins og afnota af vélinni og var greiðsluskylda félagsins óháð afnotum af vélinni, sem kom fram m.a. í því að greiðsluskylda féll ekki niður vegna bilunar eða tjóns á vélinni.
- Bankanum var heimilt, þó svo samningi aðila væri rift á grundvelli vanskila eða honum slitið af öðrum ástæðum, að innheimta fullar leigugreiðslur til loka samningstímans og bar félaginu að standa skil á gjaldföllnum greiðslum, ógjaldföllnum afborgunum, öðrum

tilfallandi kostnaði, bótum til leigusala vegna riftunar og dráttarvöxtum.

- Einnig var litið til þess að bankinn færði ekki vélna sem eign í bókhaldi sínu, heldur færði hann kröfuna til eignar og færði tekjur samkvæmt samningnum sem vaxtatekjur en ekki leigutekjur.

- Virtist jafnframt sá háttur hafður á í framkvæmd í viðskiptum milli aðilanna, að við lok fjármögnunarleigusamninga, færðist eignarhaldið frá bankanum til félagsins án sérstaks samnings þar um.

Var niðurstaðan því, eins og áður sagði, að fjármögnunarleigusamningurinn var láns-samningur sem klæddur var í búning leigu-samnings. Samkvæmt dómnum var því and-stætt ákvæðum vaxtalaga að tengja þann fjármögnunarleigusamning, sem hér var um deilt, við gengi erlendra gjaldmiðla. Sú gengistrygging var til staðar að mati dómsins, þar sem lánsfjárhæð var tilgreind í íslenskum krónum og einnig mánaðarlegar greiðslur. Einnig voru fjárhæðir erlendra lánsmynta ekki tilgreindar, heldur einungis getið um hlutfall þeirra.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 05/2011 - Skattaleg meðferð eftir-gefinna rekstrarskulda

Valkvætt er hvort ákvæði til bráðabirgða með tekjuskattslögum nr. XXXVI eða nr. XLIV sé nýtt, en óheimilt er að nýta hvort tveggja.

Ríkisskattstjóri hefur gefið út ákvarðandi bréf um skattalega meðferð eftirgefinna rekstrarskulda. Í bréfinu segir að meginregla tekjuskattslaganna hvað varðar eftirgjöf rekstrarskulda sé sú, að færa skuli slíka eftirgjöf að fullu til tekna í skattframtali þess rekstrarskulda sem eftirgjafarinnar nýtur.

Samkvæmt núgildandi bráðabirgðaákvæði XXXVI í tekjuskattslögum, er heimilt, í stað fullrar tekjufærslu á eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri, að telja einungis til tekna ákveðið hlutfall eftirgjafarinnar, þó að tiltekinni hámarksfjárhæð og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Bráðabirgðaákvæðinu var svo breytt og við tekjuskattslögin kom nýtt bráðabirgðaákvæði XLIV, sem varðaði nýtt heimildarúrræði, samhliða því fyrra, að því er varðar árin 2010 og 2011.

Í bráðabirgðaákvæði nr. XXXVI með tekjuskattslögum kemur fram að í stað þess

að telja að fullu til tekna eftirgjöf skulda umfram rekstrartöp er löggaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimilt að tekjufæra einungis 50% af fengnum eftirstöðvum eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluferfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010 og 2011, að samtals 50 milljónum króna, og 75% af eftirgjöf umfram samtals 50 milljónum króna á framangreindu tímabili. Skilyrði er að til skuldanna hafi verið stofnað í beinum tengslum við atvinnureksturinn. Samkvæmt 4. mgr. bráðabirgðaákvæðisins er skilyrði fyrir takmörkun á tekjufærslu, fyrningu eða frestun á tekjufærslu að rekstrartap ársins og yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað. Leiðin kveður því á um að 50% af 50 milljónum króna af niðurfærslu komi til tekna og 75% af niðurfærslu umfram 50 milljónir króna.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði nr. XLIV, sbr. b-lið 19. gr. laga nr. 165/2010, er rekstrar-aðilum heimilt, sem fá eftirgefna skuldir vegna greiðsluferfiðleika á árunum 2010 og 2011, að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu. Standi eftir í árslok 2014 eftirgjöf skulda sem er hærri en 500 milljónum króna er skattaðila heimilt að færa það sem umfram er til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019. Sé eftirgjöf lægri en 500 millj. kr. í lok árs 2014 færast hún ekki til tekna. Leiðin kveður á um að eftirgjöf að 500 milljónum króna komi ekki til tekna að ákvæðnum tilgreindum skilyrðum uppfylltum.

Ljóst er samkvæmt ákvæðunum að fyrri ákvæðið á einungis við eftirgefna skuldir á árinu 2009. Hins vegar gætu báðar leiðir átt við árin 2010 og 2011.

Í bréfi ríkisskattstjóra kemur fram að í ljósi framangreinds þá gildir ákvæði XXXVI hafi rekstrarskuldir verið gefin eftir á rekstrarárinu 2009 og því heimilt að víkja frá meginreglunni um að slíka eftirgjöf beri að telja að fullu til skattskyldra rekstrartekna að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu. Hafi hins vegar rekstrarskuldir fyrst verið gefin eftir á rekstrarárinu 2010 eða verði slíkt raunin á rekstrarárinu 2011, þá telur ríkisskattstjóri að heimilt sé að byggja skattlega meðferð á ákvæði XLIV, að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar um ræðir. Einnig er heimilt að velja að byggja á eldra ákvæðinu XXXVI í tekju-skattslögunum. Ef síðari kosturinn er valinn

komi hann að öllu leyti í stað þess fyrrnefnda. Þannig verði skattaleg meðferð á eftirgjöf rekstrarskuldar sem fram fer á rekstrarárunum 2010 eða 2011 annað hvort alfarið byggð á ákvæði XXXVI eða á ákvæði XLIV, en hvorki sé heimilt að beita báðum leiðunum samtímis eða breyta meðferðinni á milli ára.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 6/2011 - Breytingar á uppreiknuðum eftirstöðvum lána - leiðrétting á gjaldfærðum fjármagnskostnaði

Við skilmálabreytingu lána í rekstri löggaðila og sjálfstætt starfandi manna skal leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað á því ári þegar endurreikningur lánanna fer fram, enda liggja ekki fyrir fyrr en á þeim tíma að hve miklu leyti kostnaður hefur verið offærður miðað við nýja stöðu lánsins.

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 6/2011, var fyrirsögn svarað um það hvernig rétt sé að framkvæma leiðréttingu á gjaldfærðum fjármagnskostnaði þegar breytingar eru gerðar á uppreiknuðum eftirstöðvum lána sbr. 8. mgr. bráðabirgðaákvæðis XXXVI tekjuskattlaganna.

Í svari ríkisskattstjóra kemur fram að í tilvitnuðu bráðabirgðaákvæði sé að finna tímabundna undanþágu frá þeirri reglu að ætíð skuli telja til skattskyldra tekna eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri. Auk þess er kveðið á um lögfylgjur þess að breyta láni þannig að endurgreiðsla sé miðuð við íslenskar krónur í stað umsamins erlends gjaldmiðils, eða ef breyting verður á viðmiðunarvísitölu verðtrygðra lána. Um síðast nefnda atriðið er fjallað í 8. mgr. bráðabirgðaákvæðisins. Í slíkum breytingum felst skilmálabreyting láns, en ekki eftirgjöf skuldar í skilningi laganna, þótt uppreiknaður höfuðstóll sé leiðréttur til lækkunar, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður. Þá sé einnig tekið fram í ákvæðinu að ef breyting er gerð á uppreiknuðum eftirstöðvum lána samkvæmt ákvæðinu, skuli leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað til samræmis.

Í bréfinu kemur fram það mat ríkisskattstjóra að við framangreindar aðstæður beri að færa leiðréttingu á skattframtal á því ári þegar endurútreikningur lánanna fer fram, enda liggur ekki fyrir fyrr en á þeim tíma að hve miklu leyti kostnaður hefur verið offærður

miðað við nýja stöðu láns. Fjármagnskostnaður sem færður hefur verið til gjalda á fyrri árum í samræmi við þá gildandi lagareglur stendur þannig óhaggaður á framtölum viðkomandi ára. Ríkisskattstjóri tekur sérstaklega fram að leiðréttingin skal alfarið bundin við þann fjármagnskostnað sem þegar hefur verið gjaldfærður í rekstrinum, eins og t.d. vaxtakostnað, verðbætur og kostnað vegna gengismismunar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. febrúar 2011, í máli nr. E-5215/2010. Sjómannafélag Íslands gegn Arion banka hf.

Ef lántaki hefur ofgreitt endurgreiðslur láns, vegna ólögðrar gengistryggingar, á hann rétt á endurgreiðslu úr hendi kröfuhafa. Byggir sú niðurstaða á almennum reglum kröfurétta.

Málið varðaði gengistryggt húsnæðislán og mögulega endurgreiðslu stefnanda vegna ofgreiðslu sem tengist kaupum Sjómannafélagsins á íbúð, en vegna kaupanna var tekið myntkörfulan í formi skuldabréfs hjá Kaupþingi banka til að fjármagna kaupin.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að til að taka afstöðu til endurgreiðslukröfunnar þyrfti fyrst að leysa úr því hvort umrætt skuldabréf hafi verið lán í erlendri mynt eða íslenskum krónum, verðtryggt miðað við gengi tiltekinn gjaldmiðla. Í texta skuldabréfsins sé viðurkennd skuld að jafnvirði ákvæðinnar upphæðar í íslenskum krónum. Fjárhæð skuldarinnar er svo tilgreind í fjórum erlendum gjaldmiðlum. Stefndi (bankinn) hafði útbúið kvittanir fyrir kaupum sínum á þessum gjaldmiðlum af Sjómannafélaginu, sem námu lánsfjárhæðinni. Að mati héraðsdóms var ekki talið sennilegt að stjórnendur Sjómannafélagsins hafi ekki komið að þessum gjalddeyrisviðskiptum, en óumdeilt væri að félagið hugðist með lántökunni fjármagna kaup sín á íbúð í Reykjavík. Hafi þau viðskipti farið fram í íslenskum krónum.

Að virtum atvikum var það mat héraðsdóms að í reynd hafi verið lánað fé í íslenskum krónum, en viðskiptin hafi verið færð í þann búning að þau færu fram í erlendum gjaldmiðlum. Með þessu væri lánsféð verðtryggt miðað við gengi erlendra gjaldmiðla, sem er óheimilt samkvæmt 14. gr. vaxtalaga.

Sjómannafélagið hafði val milli þriggja

mismunandi endurgreiðsluskilmála. Val á milli þessa kosta sem félaginu stóð til boða fól ætíð í sér áhættu, því ekki var fyrirfram víst hver kosturinn yrði honum hagstæðastur. Það væri því útilokað að mati dómsins að telja að verðtrygging miðað við gengi gjaldmiðla hafi verið félaginu til hagsbóta, eins og bankinn hélt fram. Féllst dómurinn því á með Sjómannafélaginu að verðtrygging skuldabréfisins hafi verið ólögsmæt og óskuldbindandi og skipti þá engu þótt félagið hafi sjálft valið þessi samningskjör.

Féllst dómurinn því á að Sjómannafélagið hafi greitt skuldabréfið með hærri fjárhæð en því þar með réttu að standa skil á. Taldi dómurinn að á grundvelli almennra reglna kröfuréttar, að endurgreiðsluskylda væri fyrir hendi, þegar greitt hafi verið umfram skyldu þar sem skuldbinding hafi verið ógild að hluta til eða öllu leyti og að greiðandi hafi verið í villu um skyldu sína. Var því að mati dómsins augljóst, að heimila yrði endurkröfu Sjómannafélagsins.

Í dómnum kemur fram að Arion banki hafi ekki eignast kröfuna fyrr en í janúar 2010, en fram að þeim tíma var bankinn einungis móttökuaðili greiðslunnar. Hafi bankinn frá janúar 2010 tekið við afborgunum í umboði Kaupþings banka, síðar Arion banki. Af þessum sökum yrði Arion banki því einungis krafinn um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem hann tók við eftir að hann eignaðist kröfuna. Í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010, yrði reiknuð endurgreiðsla miðuð við að skuldabréfið hefði ella borið vexti samkvæmt 4. gr. vaxtalaga.



Héraðsdómur Reykjavíkur frá 8. apríl 2011. Mál nr. E-2070/2010, Íslandsbanki hf. gegn Eignageir ehf.

Ef lánssamningur kveður á um að endurgreiðsla láns skuli fara fram í lánsmyntum inn á gjaldeyrisreikning lánveitanda, þá er um erlent lán að ræða. Lánsfjárhæð var greidd út í íslenskum krónum samkvæmt gengi viðkomandi gjaldmiðil á útgreiðsludegi, sem leiddi til hærri útgreiðslu en íslenska viðmiðið gerði ráð fyrir.

Í máli þessu kom álitæfni um gengistryggt lán enn einu sinni við sögu. Ágreiningsefni málsins laut aðallega að því hvort umrætt lán væri íslenskt lán bundið gengi erlends gjaldmiðils, eða hvort um væri að ræða lögmætt lán í erlendri mynt.

Í málinu fór Íslandsbanki hf. fram á að lántakinn, Eignageir ehf., greiddi bankanum skuld samkvæmt lánssamningi milli aðila, en lánið hafði farið í vanskil. Eignageir ehf. krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi, þar sem óheimilt væri að verðtryggja lán í íslenskum krónum í erlendri mynt. Yrði því að miða fjárhæðir við upphaflega lánsfjárhæð í íslenskum krónum, en uppgjör Íslandsbanka hf. á skuld Eignageirs ehf. var ekki í samræmi við þetta.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að umrætt lán sé tilgreint í erlendum gjaldmiðli, að jafnvirði 81.000.000 ISK í ákveðnu hlutfalli erlendra mynta. Lántaki hafði hins vegar fengið greitt út um 8 milljónum krónum meira en samningurinn hvað á um og var það að mati dómsins vísbending um að um erlent lán hafi í raun verið að ræða. Einnig tekur dómurinn fram að í samningnum sé kveðið á um að lánið skuli endurgreiða í þeim gjaldmiðlum sem það samanstendur af, og beri að greiða inn á viðeigandi gjaldeyrisreikninga bankans. Lántaki mátti einungis greiða í íslenskum krónum ef heimild bankans fengist þar um. Það að lánið samkvæmt samningnum skyldi endurgreiða í erlendum myntum inn á gjaldeyrisreikning lánveitanda, eru að mati dómsins, ótvíræð merki að um erlent lán sé að ræða. Þá væri ekki að sjá að lánsfjárhæðirnar væru bundnar gengi erlendra mynta.

Í dómnum kemur að lokum fram að þegar lánssamningurinn væri virtur í heild sinni væru samningsákvæði verulega frábrugðin þeim samningsákvæðum þar sem dómstólar hafi fallist á að skuldbinding sé raunverulega í íslenskum krónum, en bundinn gengi erlendra myntar. Var því niðurstaða málsins sú að lánssamningur málsaðila væri lán í erlendum gjaldmiðlum. Krafa Íslandsbanka hf. var því tekin til greina og Eignageir ehf. gert að greiða skuld sína við bankann.



Frumvarp til laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu, þskj.1221, 702. mál

Nýtt frumvarp á Alþingi, kveður á um skattlagningu á allar tekjur af leit, rannsóknnum, vinnslu og sölu kolvetnis, þar með talin öll afleidd starfsemi, eins og flutningur og önnur vinna og þjónusta. Um lækkun skattheimtu er að ræða.

Fyrir Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp um skattlagningu á kolvetnisvinnslu. Með

frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um skattlagningu kolvetnisframleiðslu, en byggir það í meginatriðum á núgildandi lögum um sama efni, en um lækkun gjalds er að ræða af samkeppnisástæðum. Lögin taka til skattlagningar á allar tekjur af leit, rannsóknnum, vinnslu og sölu kolvetnis, þar með talin öll afleidd starfsemi, svo sem flutningur í leiðslum eða með skipum og önnur vinna og þjónusta sem er innt af hendi. Skattskyldan hvílir á lögaðilum, sjálfstætt starfandi mönnum og launþegum sem afla tekna af slíkri starfsemi.

Þeir sem leyfi hafa fengið til rannsóka og/eða vinnslu kolvetnis skulu greiða sérstakt framleiðslugjald sem reiknast af verðmæti þess magns í tunnum talið sem hann vinnur árlega af kolvetni á grundvelli hinnar leyfisskyldu starfsemi. Gjaldstofn gjaldsins miðast við verðmæti heildarvinnslu leyfishafa á hverju ári og ákvarðast sem margfeldi unnins magns og viðmiðunarverðs, sem ákveðið er af nefnd sem ráðherra skipar. Gjaldhlutfallið er 5% og telst til rekstrarkostnaðar. Framleiðslugjaldið skal greiða mánaðarlega í staðgreiðslu til ríkissjóðs og telst það bráðabirgðagreiðsla upp í endanlega álagningu.

Að auki kveður frumvarpið á um að skattskyldir leyfishafar skulu greiða sérstakan kolvetnisskatt af skattstofni. Skattstofnin eru allar tekjur samkvæmt B- og C-lið 7. gr. tekjuskattlaganna, að frádrögnum rekstrarkostnaði, með þeim sérstöku undantekningum sem teknar eru fram í lögnum. Sérstakar reglur gilda einnig um tilhögun bókhalds skattskyldra aðila samkvæmt lögnum og takmarkanir gilda um úthlutun tekjuafgangs af starfsemi.

Skatthlutfall kolvetnisskatts, mælt í prósentum, er stighækkandi og ákvarðast sem margfeldi af hagnaðarhlutfalli og hlutfalls-tölunni 0,45. Hagnaðarhlutfall í prósentum ákvarðast sem hlutfall skattstofns af heildartekjum. Fjárhæð skattsins er svo margfeldi skatthlutfalls og skattstofns.

Frumvarpið er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Meginmarkmið laganna er að ríkinu verði tryggð ásættanleg hlutdeild í þeim hagnaði sem fellur til vegna nýtingu á takmarkaðri auðlind í eigu þjóðarinnar. Að Ísland verði í skattalegu tilliti samkeppnishæft við nágrannaríkin og að skattlagning kolvetnisvinnslu á Íslandi verði einföld og skilvirk.

Samhliða þessu frumvarpi hefur verið lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingar á ýmsum skattalögum. Eru þar m.a. lagðar fram tillögur að breytingum á lögum um virðisaukaskatt sem fela í sér undanþágu ákveðinnar starfsemi í kolvetnisvinnslu frá virðisaukaskattskyldu. Auk þess er lagt til breyting á tekjuskattslögunum á þann veg að öll tvímæli um að starfsemi sem hér um ræðir verði skattskyld hér á landi í samræmi við alþjóðareglur.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.